

Viðauki við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Söngskólinn í Reykjavík, kt. 570474-0739, hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan viðauka við þjónustusamning sömu aðila dags. 6. september 2024

1. gr.

Forsendur viðauka

- 1.1. Þjónustusamningur aðila, dags. 6. september 2024 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með síðari breytingum eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa.
- 1.2. Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans til samræmis við framangreindan samning.

2. gr.

Breytingar á samningnum

- 2.1 Gerð er sú breyting á gr. 2.1 framangreinds samnings frá 6. september 2024 að frá og með 1. september 2024 er framlag Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólans kr. 63.301.022 á samningstímanum 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.
- 2.2 Gerð er sú breyting á gr. 3.1 framangreinds samnings aðila frá 6. september 2024 að tónlistarskólinn kennir að lágmarki 4096 nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs á samningstímanum 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.
- 2.3 Gerð er sú breyting á gr. 3.2 framangreinds samnings aðila frá 6. september 2024 að tónlistarskólinn kennir að lágmarki 3858 nemendastundir fyrir framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á samningstímanum 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

3. gr.

Varnarping, undirritun ofl.

- 3.1 Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings aðila frá 6. september 2024 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings og síðari viðauka kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.
- 3.2 Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 3.3 Viðaukasamningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík,

2024

F.h. Reykjavíkurborgar
vegna skóla- og frístundasviðs

F.h. Söngskólans í Reykjavík